

Nr. 110 / 11 Brynjólfur VE 3**Skipverji slasast á höfði**

Skipaskr.nr. 1752
IMO nr. 8303410
Smíðaður: Akranesi 1987 stál
Stærð: 299 brl. 531,5 bt.
Mesta lengd: 41,98 m Skráð lengd: 39,8 m
Breidd: 8,1 m Dýpt: 6,25 m
Vél: Berger Diesel 728 kW 1987
Fjöldi skipverja: 10



Brvniólfur ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júlí 2011 lá Brynjólfur VE við bryggju í Vestmannaeyjahöfn.

Skipverjar voru að undirbúa að taka um borð ís og var lestarlúga á millipilfari opnuð í þeim tilgangi. Þegar skipverji ætlaði að setja splitti í opinn lúguhlerann átti hann í erfiðleikum með það vegna stroffu sem notuð var til að opna hana. Hann sneri sér frá hleranum en í sömu mund féll hann örlítið og lenti í hnakka hans svo andlitið keyrðist á styrktarsúlu á millipilfarinu. Við höggið brotnuðu tennur og hann tagnaði í baki og hálsi.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði var hjálmlaus en hafði verið á leið úr landfestum til að sækja sér hjálm þegar hann var kallaður til að splitta lúguna;
- að lúguhlerinn á veðurpilfari opnast fram og hafði verið opnaður. Lúguhleri á millipilfari opnast eins og er stungið pinna í gegnum gat og gengur hann aftur fyrir brún hlerans til læsingar. Á legg læsingarpinnans átti að vera hak svo hann rynni ekki til baka en það hafði brotnað og vantaði. Til að læsingin færi af hleranum þurfti því að snúa honum um 90° til að ná honum út. Læsingin var því ekki örugg;
- að slasaði og kranamaður töldu að nýlega hafi verið sett ný stroffa í lúguhlerann en gátu ekki sagt hvenær það var. Slasaði sagði að efnið hafi verið mjög svert „hálfgerður kaðall“ en hann gat ekki sagt til um sverleikann. Hann

sagði að eldri stroffan hafi aldrei valdið þessum erfiðleikum enda verið úr mun grennra efni;

- að slasaði taldi að slakað hefði verið á gilsinum og því hafi hlerinn fallið. Samtímis hafi verið kölluð aðvörun og hann því snúið höfðinu svo hlerinn skall á hnakka slasaða;
- að kranamaðurinn sagðist hafa híft lúghlerann upp eins og venja væri og slakað gilsinum. Þegar hlerinn var kominn í lóðréttu stöðu átti skipverji á millipilfari að ýta á hlerann svo hægt væri að læsa honum. Kranamaðurinn sagðist ekki hafa séð þegar lúghlerinn sveiflaðist til því hann hafði litið undan skamma stund;
- að eftir slysið var stroffan skorin frá hleranum og önnur efnisminni splæst í hann og opnaðist þá hlerinn á eðlilegan hátt.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til þess að opnunar- og læsingabúnaður lúgunnar var ekki nægjanlega góður.

Nefndin átelur skipverjann fyrir að hafa ekki verið með öryggishjál.